

Alþingi
Erindi nr. P 138/1180
komudagur 9.3.2010

SFF
SAMTÖKEFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 9. mars 2010

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána, 392. mál.

SFF styðja heilshugar lögfestingu frumvarpsins og leggja áherslu á að brýnt er að niðustaða Hæstiréttar liggi fyrir sem fyrst í málum sem varða ágreining um lögmæti lána í erlendri mynt.

Samtökin telja ástæðu til að gera athugasemdir við ummæli í greinargerð þar sem fjallað er um hugsanlega ábyrgð almennra starfsmanna fjármálafyrirtækja á mögulegu tjóni neytenda ef Hæstiréttur dæmir lán í erlendri mynt ólögmæt. Þar er vísað til 1. másl. 2. mgr. sbr. 1. mgr. 23. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Ekki er unnt að draga þá ályktun að starfsmenn fjármálafyrirtækja verði gerðir persónulega ábyrgir fyrir hugsanlegu tjóni viðskiptavina sem má rekja til þess að vara sem fyrirtæki býður upp á reynist ekki vera í samræmi við lög. Í þessu sambandi er áréttað að starfsmaður sem valdð hefur tjóni sem ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til verður ekki skaðabótaskyldur nema tjón verði rakið ásetnings eða stórfellds gáleysis starfsmannsins sjálfs sbr. 3. mgr. 19. gr. skaðabótalaga. SFF telja málinu ekki til framdráttar að viðhafa slík ummæli sem beinast að einstökum starfsmönnum og telja brýnt ef frumvarpið verður lögfesti að allsherjarnefnd taki ekki undir slík sjónarmið greinargerðarinnar.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir, hdl.